

Lista- og menningarsjóður Norðurþings

Skipulagsskrá

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lista- og menningarsjóður Norðurþings.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Bæjarstjórn Húsavíkur á 40 ára afmæli Húsavíkurkaupstaðar og er eign Norðurþings.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla list- og menningarviðburði af ýmsu tagi í Norðurþingi svo sem með kaupum listaverka, styrkjum til félagasamtaka, eða öðru því sem styrkir listir og menningu og stjórn sjóðsins ákveður.

4. gr.

Sjóðurinn stendur straum af öllum kostnaði og styrkúthlutunum vegna lista- og menningarmála fyrir hönd Norðurþings að undanskildum hátíðarhöldum vegna 17. júní, jóla og áramóta og staðbundinna menningar- og bæjarhátíða.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 500.000.- sem ekki má skerða.

6. gr.

Fé sjóðsins, eins og það stendur í árslok, skal verðbætt árlega skv. vísitölu neysluverðs, en sjóðurinn ber ekki vexti. Aðrar eignir skal varðveita með þeim hætti sem menningar- og fræðslunefnd ákveður hverju sinni.

7. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera árlegt framlag, sem bæjarstjórn ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hverju sinni, á bilinu 0,15% til 0,25% af skatttekjum aðalsjóðs og brúttótekjum B-hluta fyrirtækja. Einnig gjafafé og annað fé og eignir sem sjóðnum kunna að áskotnast.

8. gr.

Norðurþing greiðir allan kostnað við rekstur sjóðsins og skrifstofa sveitarfélgsins sér um bókhald og vörslu fjármuna hans.

9. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins eru tekjur sjóðsins samkvæmt 7. grein.

10. gr.

Menningar- og fræðslunefnd Norðurþings, sem kosin er skv. 56. gr. samþykktá um stjórn og fundarsköp Norðurþings, fer með stjórn sjóðsins. Nefndin skal setja sér reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Nefndin skal færa allar ráðstafanir vegna sjóðsins í gerðabók sína.

11. gr.

Reikningshald sjóðsins er hluti af ársreikningi bæjarsjóðs. Eignir sjóðsins skulu færðar sérstaklega í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Fjárreiður skulu endurskoðaðar af löggiltum endurskoðanda bæjarins.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki sveitarstjórnar Norðurþings.

Samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings 22. nóvember 2006.

(Skipulagsskrá þessi var upphaflega samþykkt á fundi bæjarstjórnar Húsavíkur 10. apríl 1990, og hét sjóðurinn þá Listaverkasjóður Húsavíkur, skipulagsskránni var breytt að hluta á fundi bæjarstjórnar 21. febrúar 1995, skipulagsskránni var aftur breytt í janúar 2000 og í desember 2002). *Uppfært í samræmi við nýtt stjórnskipulag 20. júní 2007 ES.*